

bœnda
FERÐIR

SVIGSKÍÐAFERÐ TIL SÖLDEN



17. – 24. janúar 2026
Fararstjórn: Hörður Finnbogason

Hreyfiferð
Austurríki

Ferðalýsing

Sölden skíðasvæðið í Tíról er eitt það besta í **austurrísku Ölpunum** og er staðsett í dalnum **Ötztal** um 85 km suðvestur af Innsbruck. Ötztal er einn fallegasti dalurinn þar um slóðir og þetta yndislega svæði er umkringt háum tignarlegum fjallstindum, jöklum, skógum, ám og ísilögðum vötnum. Hér er hægt að skíða í mikilli hæð eða allt að 3300 metra hæð, enda liggur hluti svæðisins á jökli og snjóframleiðslan því mjög góð. Helstu skíðasvæðin eru **Giggijoch**, **Gaislachkogl** og jöklarnir tveir **Rettenbach** og **Tiefenbach**, en þeir eru stærstu jöklar Austurríkis sem hægt er að skíða á. Hér er því hægt að stóla á skíðafæri frá haustmánuðum og fram á vor. Það eru yfir 30 lyftur í Sölden og yfir 140 kílómetrar af brekkum fyrir öll getustig. Fjölmargir skíðaskálar eru í brekkunum sem taka á móti gestum og bera fram mat og drykk. Það er gjarnan mikil stemning eftir skíðadaginn enda er Sölden þekkt fyrir ríka Après-Ski menningu. Þess má einnig geta að hluti James Bond myndarinnar, Spectre, með Daniel Craig var tekin upp á svæðinu og á fjallinu Gaislachkogl, er þar er skemmtilegt safn um myndina. Flogið er með Icelandair til Innsbruck og ekið sem leið liggur á hótelið í Sölden. Fararstjóri er með hópnum alla ferðina og gistir á sama hóteli. Í þessum fallegu fjallasölum Austurríkis má svo sannarlega upplifa ógleymanleg ævintýri, skemmtun og slökun.

8 dagar | 7 nætur í Sölden



Svæðið

Ötztal dalurinn, sem er 65 km langur, skilur að Stubai fjallgarðinn í austri og Ötztal fjöllin í vestri. Þetta er einstaklega fallegur dalur í vesturhluta Tíról sem líklega er hvað frægastur fyrir ísmanninn Ötzi, um 5.000 ára gamla múmíu sem þýskir ferðamenn fundu í 3.200 m hæð árið 1991. Gist verður í hinum þekktu skíðabæ Sölden. Ötztal dalurinn býður upp á einstaka möguleika til útivistar en á þessu fallega Alpasvæði má finna tignarlega tinda, vötn, ár og skóga. Wildspitze, hæsta fjall Ötztal Alpanna, trónir í 3.770 m yfir dalnum og hér má einnig finna Stuibenfall fossinn, hæsta foss Tíróla héraðs.



Skíðasvæðið

Sölden er eitt besta skíðasvæði Austurríkis og þar er að finna brekkur sem spanna 2000 m hækkun frá 1350 m yfir sjávarmáli upp í 3340 m. Lyfturnar eru 31 talsins og skila af sér 66.600 farþegum á klukkustund. Hér ber hæst tindana þrjá Gaislachkogl, Tiefenbachkogl og Schwarze Schneide sem allir eru yfir 3000 metar (BIG3). Lyfturnar á svæðinu eru fyrsta flokks og þar eru fullkomnir kláfar með mikla flutningsgetu einn sá fljótasti liggur upp á fjallið Giggijoch, en hann er um leið með þeim öflugustu í heimi og skilar af sér um 4500 manns á klukkustund. Fararstjórar munu aðstoða við leigu á skíðum, kaupum á skíðapassa og skráningu í skíðaskóla sé þess óskað.



[Vefsíða Sölden skíðasvæðisins](#)

[Vefmyndavélar frá svæðinu](#)

Hótelið

Gist verður í 7 nætur á Hótel Hubertus, huggulegu 4* hóteli í miðbæ Sölden þar sem stutt er í brekkurnar. Hægt er að nýta sér skutlu á teinum sem gengur beint í lyfturnar og er staðsett í 140 metra fjarlægð frá hótelinu.

Morgunverður og kvöldverður eru innifaldir. Að loknum góðum skíðadegi er tilvalið að láta líða úr sér í heilsulind hótelsins sem hefur að geyma gufuböð af ýmsu tagi og slökunarherbergi.



[Vefsíða hótél Hubertus](#)

Flugið

Flogið verður með Icelandair til Innsbruck þann 17. janúar. Brottför frá Keflavík kl. 9:55 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í Innsbruck kl. 15:05 að staðartíma. Frá flugvellinum eru um 90 km til Sölden svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki um 1,5 klst. Á brottfarardegi er flogið heim kl. 16:05 frá Innsbruck. Lending á Íslandi kl. 19:40.



Verð

379.900 kr. á mann í tvíbýli | 28.400 kr. aukagjald einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Ferðir milli flugvallarins í Innsbruck og hótelsins í Sölden.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á 4* hóteli.
- ✓ Glæsilegt morgunverðarhlaðborð.
- ✓ Fimm rétta kvöldverður með valmatseðli öll kvöld nema miðvikudaga.
- ✓ Aðgangur að heilsulind.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Hádegisverðir og einn kvöldverður á miðvikudagskvöldinu.
- ✓ Skíðapassi (6 daga skíðapassi fyrir fullorðinn u.þ.b. € 410).
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging.
- ✓ Aukagjald fyrir skíði í flug.
- ✓ Þjóf fé.

